

Fundur 8.4.2024 Elísabet drottning.

Góða kvöldið, komið þið öll sæl.

*Góða kvöldið og sæl.*

Tölum við til ykkar úr stjörnusambandsstöð og eru stöðugar framfarir í mínu lífi og margt sem ég hef upplifað frá því ég kom í sambandið síðast.

Og var ég nokkurn tíma að átta mig á ýmsu hér í framlífi, eins og þessum stjörnusambandsstöðvum og er það mikil ánægja að hafa fengið nýjan líkama og hafa yngst upp að nýju og þetta minnir á tilhlökkun bernsku ára og unglings ára og á sama tíma minnir þetta á manndóms árin þegar maður var að taka á sig nýjar skyldur og læra um hlutverk sitt í lífinu og siðvenjur þessa nýja þjóðfélags og það sem felst í embættinu.

Og aldrei hætti ég að undrast á stjörnuhimninum og mánanum hvernig hann kemur upp með öðrum hætti og hvernig sólskinið er frábrugðið því sem ég átti að venjast og hvernig kvöldbirtan er mismunandi eftir því hvor sólin er hærra á lofti.

Og gáfu foreldrar mínir og framliðnir ættingjar sem hér eru, leyfi til að komast hjá því að vera sett inn í embætti fyrr en ég hefði að fullu kynnt mér staðhætti og fengið útrás fyrir bernsku tilfinningar sem gerðu vart við sig í nýjum líkama og spyrja mikilvægra spurninga um umhverfið og kynnst aftur þeim sem ég hafði misst af, sem ég hafði ekki hitt lengi.

Og hef ég að undanfögnu tekið á mig formlegri skyldur og ferðast um,

*Ert þú Elísabet ?*

Já, ha ha ha.

*Velkomin aftur Elísabet.*

Þakka þér fyrir, þið hafið skynjað hver þar væri á ferðinni ?

*Mig grunaði það.*

Já margt ósagt og gleður mig að þið skulið hafa fundið persónuleika minn svo snemma og vona ég að ég komi þessu öllu fram sem ég ætlaði mér.

Um tíma hélt ég að ég væri aftur komin til fortíðarinnar, þar sem það kom mér á óvart að ég var flutt á milli staða hér í sýslunni, á milli Kastala í hestvagni og sá ég ekki önnur farartæki fyrst þegar ég kom hingað, en hef ég ferðast víðar, síðar þegar lengra frá leið og hef ég þá séð að samfélag þetta er tæknivætt á sinn hátt og jafnvel margt sem kemur mjög á óvart og sem ég bjóst ekki við.

Og farartækin sum svífa og fólkið sumuleiðis þegar við erum saman í hóp hér að fara upp fjallshlíðina að stjörnusambandsstöðinni, þar sem fjöldinn er mikill, og hef ég hitt suma á þessum hnetti sem hafa verið hér lengi sem geta einnig svifið einir síns liðs, og hafa notið þeirrar mögnunar.

Ég vildi segja ykkur það áður en ég fer úr sambandinu að þjóð mín hefur einnig tekið þátt í styrjöldum á þessum hnetti og get ég ekki farið út í það í smáatriðum, en sjálfstæðis barátta okkar og framrás er með öðrum hætti hér í framlífi, heldur en var í frumlífi og þætti mér gaman að segja frá þeim fjölmörgu stéttum og þjóðfélagshópum sem ég hef komist í kynni við hér á þessum hnetti, en verður það að bíða, en vil ég segja það að lokum að við ræktum fortíðina af gaumgæfni og við höfum hér í framlífi þörf fyrir góð samskipti við allar þær þjóðir sem koma mjög við sögu okkar þjóðar.

Og það er sérstaklega tími Danalaganna og víkingana sem ég hef í huga og þau margvíslegu áhrif sem urðu á okkar þjóðfélag og eru þar uppvaxnir menn og konur sem eru til fyrirmyndar og öflugar

mjög og átti ég ekki, bjóst ég ekki við að Guðir og Gyðjur þessara fornþjóða myndu standa jafnfætis Kristi og Guði Biblíunnar, en er það mikil saga að segja frá því.

Og hefur mér margt komið á óvart að sjá þessar skínandi verur í stjörnusambandsstöðvum okkar, þótt í fjarsambandi hafi verið og hlíða á mál þeirra.

Verð ég nú að kveðja ykkur að sinni en kannski get ég svarað einni spruningu, en orkan fer að minnka.

*Mig langar að spurja þig hvort þú haldir að sonur þinn verði stutt við völd ?*

Ert þú að spurja um heilsufar hans ?

*Já.*

Við reynum að senda honum orku eins og hægt er og vonum að það gangi vel.

*Og tengdadóttir hans ?*

Já vissulega, vissulega, við erum nú þokkalega bjartsýn um að það gangi vel en það er margt sem getur brugðið til beggja vona, en við höldum nú að það séu einhverjir möguleikar að þetta gangi nú allt saman vel.

*Já það er gott.*

En ég hef heyrt það að, ég næ ekki að fara alveg í það sem ég ætlaði að segja, orkubreytingar á jörðunni, margskonar truflanir á umhverfi ykkar, ég næ ekki alveg, ég þekki ekki alveg nóg til þessara mála til þess að orka mín dugi til þess að, eitthvað sem ég hef heyrt frá öðrum sem meiri vitneskju hafa, en við reynum að senda honum orku og öðrum í fjölskyldunni og höfum fulla trú á að það gangi vel.

*Jæja við þökkum þér fyrir komuna.*

Já við þökkum sumuleiðis fyrir og óskum ykkar þjóð allra heilla, verið þið sæl.

*Vertu sæl.*